

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. febrúar 2012  
Tilvísun: UST20120100045/mik

### **Efni: Fyrirhuguð 7.000 tonna framleiðsla á eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi - frekari umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar í tölvupósti dags. 16. febrúar 2012 þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar í ljósi viðbótargagna en Umhverfisstofnun hafði áður veitt umsögn um málið dags. 31. janúar 2012.

Erindinu fylgdi bréf Hraðfrystihússins Gunnvarar h.f. (HG) vegna fyrri umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem skýrð eru viðhorf HG til þess sem þar kemur fram.

#### **Straum- og sondmælingar**

Í svari framkvæmdaraðila er gerð athugasemd við framsetningu Umhverfisstofnunar þar sem vísað er til viðmiðana um aðferðir við staðarval fiskeldis (BAT) um meðalstraumhraða fyrir fiskeldi. Bendir HG á að misræmi sé í orðalagi í norskum frumtexta skýrslunnar og íslensku þýðingunni þar sem í þeirri norsku segi að „mælt sé með“ að meðalstraumhraði sé 5 cm/sek en í þeirri íslensku og umsögn Umhverfisstofnunar sé notað orðalagið „miðað sé við“ að straumhraði sé 5 cm/sek.

Umhverfisstofnun getur fallist á að kveðið sé sterkar að orði í íslensku þýðingunni en norska frumtextanum. Hins vegar bendir stofnunin á að þær upplýsingar um straummælingar sem settar eru fram af HG sýni flestar talsvert lægri gildi en 5 cm/sek eða þar sem hann er mestur um 3,5 cm/sek og lægstur á milli 0-1 cm/sek.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að óskað hafi verið eftir því við Hafrannsóknarstofnunina að heilsársmælingar á straumhraða við Biskupsvík verði framkvæmdar þar sem mælingar hennar sumarið 2011 hafi verið ófullnægjandi vegna bilana í mælitækjum.

Umhverfisstofnun telur að æskilegt væri að slíkar mælingar færu fram á öllum þeim stöðum sem fyrirhugað er að stunda sjókvíaeldi á.

Í svari framkvæmdaraðila er bent á að framsetning Umhverfisstofnunar varðandi athugasemdir um þröskuldsfirði með vísan í aðferðir um staðarval sé ekki nákvæm þýðing miðað við frumtexta í skýrslu um staðarval fiskeldis (BAT). Í umsögn Umhverfisstofnunar segir: „Í aðferðum um staðarval segir einnig að ekki skuli velja eldisstöðvum stað í þröskuldsfjörðum sem hindra vatnsskipti, eða á svæðum þar sem straumur er lítill. Stofnunin bendir á að mörg fyrirhugaðra sjókvíaldissvæða HG virðast falla undir þá skilgreiningu“.

Umhverfisstofnun fellst á að kveðið sé fastar að orði í íslensku þýðingunni en þeirri norsku varðandi þröskuldsfirði og hentugleika þeirra til fiskeldis. Stofnunin telur þó að aðstæður á umræddum fyrirhuguðum sjókvíaldissvæðum séu lakari en þær sem taldar eru heppilegastar út frá aðferðum um staðarval. Telur stofnunin því að meta þurfi burðargetu svæðanna með það að leiðarljósi.

#### **Botndýrarannsóknir (hvíld svæða)**

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að endurskoðun hefði farið fram á fiskeldisstarfsemi fyrirtækisins í Seyðisfirði og Álftafirði árið 2010 og að fram hefði komið að sjúkdómaálag og álag á botn undir kvíum væri of mikið á þessum stöðum þrátt fyrir að framleiðsla á þeim hafi einungis verið 500 tonn að meðaltali árlega og mest 1.000 tonn árið 2009, en fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu á 2.000 tonnum árlega.

Umhverfisstofnun telur að út frá upplýsingum framkvæmdar- og rannsóknaraðila sem fram koma í skýrslu og svari HG sé ljóst að álag á þessum svæðum sé of mikið þrátt fyrir töluvert minni framleiðslu en starfsleyfi heimilar og burðarþolsútreikningar Akvaplan-niva miðuðust við. Því telur stofnunin nauðsynlegt að burðarþolsmat verði endurskoðað fyrir þessi svæði og jafnframt framleiðslumagn í starfsleyfi. Stofnunin ítrekar einnig að ekki séu forsendur fyrir því að meta burðarþol annarra svæða við Ísafjarðardjúp út frá gildandi starfsleyfi eða burðarþolsútreikningum Akvaplan-niva fyrir Álftafjörð og Seyðisfjörð frá 2002.

#### **Burðarþol**

Í svari framkvæmdaraðila er bent á að engar athugasemdir hafi verið gerðar við skýrslu Akvaplan-niva frá 2002 um burðarþol í Álftafirði og Seyðisfirði árið 2006 af hálfu Umhverfisstofnunar við gerð starfsleyfis.

Umhverfisstofnun telur að nýlegar rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands frá 2009 sýni að ástæða sé til að endurskoða umrætt burðarþolsmat.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hann sé tilbúinn að láta framkvæma burðarþolsmat með nýjum viðurkenndum líkönum/aðferðum sem notaðar eru í nágrannalöndunum og telur Umhverfisstofnun mjög æskilegt að slíkt mat verði framkvæmt á öllum fyrirhuguðum sjókvíaldissvæðum. Umhverfisstofnun tekur einnig undir það sem fram kemur í svari framkvæmdaraðila að æskilegt væri að settar yrðu skýrar leiðbeiningar og viðmiðanir af hálfu hins opinbera um aðferðafræði og forsendur við burðarþolsmat svæða fyrir sjókvíaldi.

#### **Niðurstöður fyrri umsagnar Umhverfisstofnunar**

Í svari framkvæmdaraðila er bent á að í niðurstöðum í umsögn Umhverfisstofnunar komi fram eftirfarandi fullyrðing „Umhverfisstofnun bendir á að fram komi að hugsanleg neikvæð áhrif erfðablöndunar kynbættis þorsks á villta laxastofna séu óþekkt“ en ekki nánar fjallað um við hvað er átt í umsögninni og að líklega sé um misritun að ræða.

Umhverfisstofnun staðfestir að um misritun er að ræða og að þarna hafi verið átt við þorsstofna en ekki laxastofna.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talið ásættanlegt að eldisþorskur eða frjóvguð hrogn sleppi úr eldiskvíum og fram kemur að á meðan ekki sé hægt að koma í veg fyrir það muni þorskeldisstarfsemi fyrirtækisins ekki verða sköluð upp. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili geri sér grein fyrir því að 7.000 tonn af hrygnandi eldisþorski í Ísafjarðardjúpi verði ekki samþykkt enda sé það ekki skynsamlegt.

Umhverfisstofnun tekur undir það með framkvæmdaraðila og ítrekar að óvissa ríki um hugsanleg áhrif kynbættis þorsks á villta þorsstofna.

### Niðurstaða

Það er því mat Umhverfisstofnunar að umrædd framkvæmd sé umfangsmikil og að óvissa ríki um mikilvæga þætti hennar, einkum burðarþol svæða og sammögnunaráhrif eldis og annarrar starfsemi við Ísafjarðardjúpi. Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða lágan straumhraða á þeim svæðum sem um ræðir og að rannsóknir hafi sýnt að álag á sjávarbotn undir kvíum í Seyðisfirði og Álftafirði hafi verið mikið. Einnig bendir stofnunin á að í gögnum HG kemur fram að óvissa ríki um áhrif kynblöndunar kynbættis þorsks á villta þorsstofna. Umhverfisstofnun telur að í svari framkvæmdaraðila komi ekki fram upplýsingar sem breyti forsendum niðurstöðu fyrri umsagnar um fyrirhugaða framleiðslu á allt að 7.000 tonnum af eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og skuli hún því háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

A. Birna Guð.

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

Guðrún Lára Pálmadóttir

Guðrún Lára Pálmadóttir  
Sérfræðingur